

# Líf og list



Asgeir er hér með eina myndina, sem verður á yfirlitssýningunni, en alls verða þar á annað hundrað myndir.

Vísismynd: JA

## „VAR ALLTAF SÍBLANKUR“

— segir Ásgeir Bjarnþórsson, sem opnar yfirlitssýningu á verkum sínum á áttæðisafmælinu

„Ég hef verið aprílhlaupari allt mitt líf,“ sagði Ásgeir Bjarnþórsson listmálari, þegar Vísir ræddi við hann um yfirlitssýningu, sem halda á að Kjarvalsstöðum á verkum hans. Sýningin verður opnuð á áttæðisafmæli listamannsins, 1. apríl.

„Ég hef teiknað og málað frá því áður en ég varð skrifandi“, sagði Ásgeir, „og 16 ára hóf ég listnám fyrir alvöru. Þá kenndi mér albesti kennari sem ég hef haft. Ríkarður Jónsson. Ég teiknaði hausana hans allan guðslangan daginn, svo honum blóskrabi og spurði hvort ég færi nú ekki að verða þreyttur. Ég hélt nú ekki.“

### Frá Reykjavík til Rómar

Eftir fjögurra ára nám í Reykjavík fór Ásgeir til Kaupmannahafnar, þar sem hann lærði hjá Viggo Brant. Þaðan lá leiðin til Þýskalands, þar sem hann heimsótti mörg fræg lista-söfn og í München var hann síðan við nám í myndhöggvaraskóla.

„Ég átláði þó aldrei að verða myndhöggvari, heldur var tilgangurinn sá að læra anatómíuna, sem kom mér svo að gagni við málalistina,“ sagði hann. Síðar fór hann til Luxemborgar og Parísar og um tíma dvaldist hann í Cagnes sur la mere.

„Þar bjó Renoir á sínum tíma en ég var mjög hrifinn af honum. Þó hafði konungur konunganna, Rembrandt meiri áhrif á mig. Hann er í dag stærsti málari sem heimurinn hefur átt.“

Um þrjúttugt lagði Ásgeir enn land undir fót og fór til Hollands, Belgíu, Danmerkur og endaði svo með því að heimsækja Rómaborg.

### „Héldu að það væri rusl!“

Ásgeir sagðist varla geta sagt að hann hafi unnið við annað en málalistina síðan hann var barn. En þá sat hann nokkur sumur yfir fé vestur á Mýrum þar sem hann er fæddur og uppallinn að Grenjum.

„Það voru yndisleg ár,“ sagði hann. „Ég var alveg upptekinn af náttúrufræðinni, en hún og þá sérstaklega jarðfræðin, var mér afskaplega mikils virði. Ég átti mikið náttúrugripasafn, sem ég skildi eitt sinn eftir í kofforti í herbergi sem ég hafði hér í Reykjavík. Um haustið, þegar ég kom aftur, var það allt horfið. Stúlkurnar sem tóku til í herberginu höfðu fleygt því út, því þær héldu að þetta væri bara rusl. Þetta var mér afskaplega sárt, því ég hafði haft mikið fyrir safn-“

inu og því voru margir dýrir steinar.“

Náttúrufræðin átti svo mikil í-tök í Ásgeiri, að hann sagðist sem barn alltaf ætla að verða annað hvort náttúrufræðingur eða málari.

### Alltaf síblankur

En hvornig gekk listmálara að lifa á list sinni á þessum árum? „Ég var alltaf síblankur,“ sagði Ásgeir. „Mönnum fannst ég koma langt aftur úr öldum, þegar ég kom heim frá námi. Þá var expressionisminn að ryðja sér til rúms í Kaupmannahöfn og svo kom afstraktvitleysan. En ég hef aldrei þekkt góðan listamann sem hefur fylgt tiskunni. Og ég málaði eftir því sem samviskan sagði mér. Ég hef aldrei verið fyrir að stæla aðra eða fara eftir tisku. Það var líka í tisku að taka sér ættarnafn og þrjú systkina minna tóku sér nafnið Valfells, en ég er ennþá Bjarnþórsson.“

Það voru helst protrettin sem ég lifði á fyrst eftir að ég kom heim. Og svo voru einstöku menn sem héldu í mér lífinu með því að kaupa af mér myndir.

Núna er ég allt í einu kominn í miðja tiskuna og hef ég þó alla tíð haldið mig við nokkurn veginn sama stílinn. Það sést ekki mikill munur á stílunum á þeim myndum, sem ég málaði 19 og 20 ára, og nýjustu myndunum sínum. Nú ráða Bandaríkjamenn ferðinni og þá kemur bullandi náttúralismi.

Annars eru allir stórir listamenn með viti, eins og Michelangelo sem leysti vandamálin fyrir arkitektana. Heimskingjar hafa aldrei verið góðir listamenn. Þannig var höfundur expressionismans Gaugin geggjáður og fyrsta afstraktmyndin var strigi, sem Picasso þurrkaði af penslunum sínum og rammaði síðan inn.“

### Eyðilagði kynstur myndar

Á yfirlitssýningunni á Kjarvalsstöðum verða yfir 100 myndir og er sú elsta frá árinu 1918. Þær eru flestar fengnar að láni á sýninguna, en þó á listamaðurinn nokkrar sjálfur. Þetta er ekki nema brot af þeim myndum sem hann hefur málað um ævina og hann er enn að ,þótt hann segist eiginlega vera hættur.“

„Ég hef ekki hugmynd um það hvað ég hef málað margar myndir,“ sagði hann. „Lengi framan af ævinni eyðilagði ég kynstrin öll af myndum. Ég var ekki nægilega ánægður með þær.“

—SJ



1-15-44  
Með djöfulinn á hælunum  
Hin hörkuspennandi hasarmynd með Peter Fonda, sýnd í nokkra daga vegna fjölda áskorana. Bönnuð börnum innan 16 ára. Sýnd kl. 5, 7 og 9.



2-21-40  
GREASE  
John Travolta Olivia Newton-John



Aðalhlutverk: John Travolta, Olivia Newton-John.  
Sýnd kl. 5  
Tónleikar kl. 8.30  
Aðgangsmiðasala frá kl. 4.



3-11-82



Ein best sóttá gamanmynd sem sýnd hefur verið hér- lendis  
Leikstjórinn, Billy Wilder hefur meðal annars á afrekaskrá sinni Some like it hot og Irma la douce.  
Leikstjóri: Billy Wilder  
Aðalhlutverk: James Cagney, Arlene Francis, Horst Buchortz  
Sýnd kl. 5, 7.10 og 9.15.



1-13-84  
Ein stórfenglegasta kvikmynd, sem gerð hefur verið um þrælalaldið í Bandaríkjunum:



Sérstaklega spennandi og vel gerð bandarísk stórmynd í litum, byggð á metsölubók eftir Kyle Onstott.  
Aðalhlutverk: James Mason, Susan George, Ken Norton.  
Mynd sem enginn má missa af.  
Íslenskur texti  
Bönnuð innan 16 ára.  
Endursýnd kl. 7 og 9.15.

Ofurhuginn Evel Knievel  
Sýnd kl. 5.



16-444  
Svefninn langi



THE BIG SLEEP  
Afar spennandi og viðburðarík ný ensk litmynd, byggð á sögu eftir Raymond Chandler, um meistarasþájarann Philip Marlowe. Robert Mitchum — Sarah Miles — Joan Collins John Mills — James Stewart — Oliver Reed. o.m.fl.  
Leikstjóri Michael Winner  
Íslenskur texti  
Bönnuð innan 14 ára  
Sýnd kl. 5-7-9 og 11.



1-89-36  
Skassið tamið



Hin heimsfræga ameríska stórmynd í Technicolor og Cinema Scope. Með hinum heimsfrægu leikurum og verðlaunahöfum: Elizabeth Taylor og Richard Burton.  
Leikstjóri: Franco Zeffirelli.  
Sýnd kl. 5, 7.30 og 10.  
Íslenskur texti.  
Síðustu sýningar.



Sími 50184



THE EROTIC EXPERIENCE OF '76

Kynórar kvenna  
Ný, mjög djörf amerísk-ætrölsk mynd um hugaróra kvenna í sambandi við kynlíf þeirra. Mynd þessi vakti mikla athygli í Cannes '76.  
Íslenskur texti.  
Sýnd kl. 9.  
Stranglega bönnuð börnum innan 16 ára.  
5. sýningarvika.



3-20-75  
KAFBATUR A BOTNI



Ný æsispennandi bandarísk mynd frá Universal með úrvalsleikurum.  
Aðalhlutverk: Charlton Heston, David Carradine og Stacy Keach.  
Leikstjóri: David Greene.  
Ísl. texti.  
Sýnd kl. 5 - 7.30 - 10.



19 000  
salur A  
Villigæsirnar



Leikstjóri: Andrew V. McLaglen  
Íslenskur texti  
Bönnuð innan 14 ára  
Hækkað verð  
Sýnd kl. 3, 6 og 9

salur B



Sýningar eru kl. 3.05, 5.05, 7.05, og 9.10

salur C



DUSTIN HOFFMAN  
"STRAW DOGS"  
Rakkarnir

Ein af allra bestu myndum Sam Peckinpah  
Dustin Hoffman — Susan Georg  
Bönnuð innan 16 ára  
Sýnd kl. 3.15, 5.15, 7.15 og 9.20

salur D



Leikstjóri: John Guillermin  
Íslenskur texti  
13. sýningarvika  
Sýnd kl. 3.10, 6.10 og 9.05  
Bönnuð börnum  
Hækkað verð

Ef yður vantar rafritvél fyrir heimilið eða skrifstofuna er



ADLER rétta vélin.  
Gott verð. Mikil gæði.  
ivar  
Skipholti 21, Reykjavík.  
sími 23188.